

Fundargerð

Fyrsti fundur samstarfshóps um fyrirhugaða friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs.
Suðurlandsbraut 24, þann 18. október 2023.

Þátttakendur:

Davíð Örvar Hansson, f.h. Umhverfisstofnunar.

Guðríður Þorvarðardóttir f.h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Auður Guðbjörnsdóttir f.h. Skaftárhrepps.

Kristín Marín Siggeirsdóttir f.h. Holts I

Finnbogi Hannesson og Helgi Jóhannesson f.h. Holts II

Brynjólfur Baldursson og Valgarð Sörensen f.h. Heiðar

Markmið fundar

Fyrstu skref í friðlýsingarferli Fjaðrárgljúfurs.

Fundarefni

- *DÖH fór yfir almennt yfir friðlýsingar og ferli þeirra sbr. glærur sem notaðar voru til stuðnings.*
- *Fyrsti fundur var haldinn sem staðfundur en síðari fundir líklega haldir sem fjarfundir nema að óskað sé eftir öðru.*
- *Rætt um áhuga landeigenda til að friðlýsa og upplýst um að næsta skref að taka er að kynna áform um friðlýsingu en því fylgir að kynna markmið, friðlýsingaflokk og grófa afmörkun. Þó áform um friðlýsingu séu kynnt er fylgir því ekki skuldbinding um að svæðið verði friðlýst en DÖH lagði áherslu á að best væri að hafa skýra sýn og ef áhugi stæði ekki í átt til friðlýsingar þá væri best að fá þær upplýsingar strax.*
- *Vinna samstarfshóps kynnt, þ.e. samstarfhópur vinnur að gerð afmörkunar fyrir svæðið auk þess að undirbúa friðlýsingarskilmála. Spurt var hvort fulltrúar í samstarfshópi mættu senda staðgengla og svaraði DÖH að það væri undir hverjum og einum komið að meta hvort mætt sé í eigin persónu eða staðgenglar sendir.*
- *Afmörkun sem kynnt verður sem áform þarf að ná utan um svæðið sem friðlýst verður. Svæðið sem friðlýst verður getur orðið minna en áform gera ráð fyrir en ekki er hægt að stækka svæðið umfram það sem kynnt er í áformum. KMS benti á að svæðið ofan gljúfranna væri einstakt sbr. hjallar ofan gljúfra. Hópur á því að ein-skorða svæðið við gljúfrin.*
- *Spurt var hvort friðlýsing hefði í för með sér fjárhagslega skuldbindingu fyrir landeigendur. DÖH svaraði því að friðlýsingin sem slík settu ekki skuldbindingar á herðar landeigendum nema að því marki að friðlýsingarskilmálum væri fylgt.*
- *Rætt var um skilmála og hvort að þeir útilokuðu framkvæmdir innan svæðisins. DÖH upplýsti að almennt væri ekki verið að banna uppbyggingu innan friðlýsts svæðis en UST veitir leyfi fyrir framkvæmdum sem ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.*

- *Friðlýsingaflokkar kynntir lauslega og mælt með að viðeigandi friðlýsingarflokkur fyrir Fjaðrárgljúfur væri náttúruvætti. Spurt var um hvort landslagsverndarsvæði gæti átt við en í flestum tilfellum er verið að horfa á stærri landslagsheildir þegar svæði er verndað sem landslagsverndarsvæði. GP tekur undir að náttúruvætti sé viðeigandi friðlýsingarflokkur. Ekki voru gerðar athugasemdir við það.*
- *BB og VS upplýstu um markmið sín með uppbyggingu á Heiði og lýstu yfir áhuga sínum á að friðlýsingarmálinu yrði haldið áfram fyrir sína hönd. Rætt var um að landeigendur ættu fundi sín á milli um fyrirætlanir og hagsmuni.*
- *Kristín Marín tók jákvætt í að taka næsta skref í átt að friðlýsingu.*
- *DÖH kom með tillögu að því að aðilar íhuguðu málið og sendu afstöðu sína til næstu skrefa í tölvupósti öðruhvora við helgina 21-22. október. Séu allir jákvæðir til að fara í kynningu á áformum vinnur UST tillögu að afmörkun og sendir samstarfshópi sem gefur álit sitt.*

Næstu skref

- Landeigendur gefa upp afstöðu sína til þess að auglýsa áform um friðlýsingu.
- UST vinnur tillögu að afmörkun svæðis í samræmi við afstöðu landeigenda til áformanna. Afmörkun svo send landeigendum og samstarfshópnum til samþykktar.
- UST undirbýr áformakynningu í samræmi við vilja landeigenda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00.